



Vinum saman
-tengsl leikskóla og grunnskóla-

Erna Dögg Sigurjónsdóttir og Lilja Gréta Kr. Norðdahl

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs
Háskóli Íslands
Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Vinum saman
-Tengsl leikskóla og grunnskóla-

Erna Dögg Sigurjónsdóttir og Lilja Gréta Kr. Norðdahl

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í leikskólakennarafræði
Leiðsögukennari: Sigríður Sturludóttir

Kennaradeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2011

Vinum saman: tengsl leikskóla og grunnskóla.

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs við kennaradeild, menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2011 Erna Dögg Sigurjónsdóttir og Lilja Gréta Kr. Norðdahl
Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfunda.

Prentun: Bóksala kennaranema
Reykjavík, Ísland, 2011

Útdráttur

Lokaverkefni þetta er tvíþætt, annars vegar greinargerð og hins vegar handbók. Í greinargerðinni munum við sýna fram á mikilvægi þess að vinna að tengslum skólastiganna leik- og grunnskóla til þess að skapa samfellu í námi barna. Handbókin er hins vegar hugsuð sem hugmyndabanki fyrir leik- og grunnskólakennara um hvernig vinna megi að þessum tengslum.

Í fræðilega hluta greinargerðarinnar munum við fjalla um sögulega þróun leik- og grunnskóla og bera lauslega saman sögu skólanna gegnum árin. Eins fjöllum við um þær breytingar sem verða hjá börnum við flutninginn úr leikskóla yfir í grunnskóla og hvað sé mikilvægt að hafa í huga við þann flutning. Þá munum við fjalla um foreldrasamvinnu og mikilvægi þess að stuðla að tengslum skólastiganna, auk þess munum við greina frá því hvaða aðferðir eru mögulegar og hafa gefist vel með tilvísun í rannsóknir. Einnig fjöllum við um þær hindranir sem hafa verið í vegi fyrir samstarfi leikskóla og grunnskóla. Kenningar Bronfenbrenners um þróun einstaklingsins út frá heildrænu samhengi og kenningar Deweys um tengsl náms, reynslu og samfellu í námi barna eru jafnframt skoðaðar. Eins segjum við frá þeirri stefnu sem stjórnvöld hafa sett fram með lögum og útgáfu aðalnámskrár fyrir bæði skólastigin. Loks munum við fjalla stuttlega um kjarasamninga leik- og grunnskólakennara hvað varðar vinnuskyldu og undirbúning.

Formáli

Þetta verkefni er skrifað sem lokaverkefni til B.Ed.-gráðu í leikskólakennarafræðum við Háskóla Íslands. Leiðsögukennari okkar við verkefnið var Sigríður Sturludóttir og viljum við þakka henni fyrir leiðbeiningar við gerð ritgerðarinnar. Fjölskyldum okkar viljum við þakka fyrir allan þann stuðning og þá þolinmæði sem þær sýndu okkur meðan á vinnu stóð. Einnig viljum við þakka Lilju Kolbrúnu Steinþórsdóttur, Ragnhildi Birnu Hauksdóttur og Maríu Sæmundsdóttur fyrir yfirlestur og ábendingar á lokaverkefni okkar.

Efnisyfirlit

Útdráttur	4
Formáli	5
1. Inngangur.....	7
2. Handbókin	8
3. Sögulegur bakgrunnur leik- og grunnskóla	9
3.1. Leikskólinn	9
3.2. Grunnskólinn	9
4. Hvaða breytingar verða þegar börn fara úr leikskóla yfir í grunnskóla?.....	10
5. Hvað skiptir máli við flutninginn úr leikskóla yfir í grunnskóla?	11
6. Foreldrasamskipti	12
7. Tengsl leik- og grunnskóla	13
8. Rannsóknir á tengslum skólastiganna.....	14
9. Kenningar	16
9.1. Bronfenbrenner	16
9.2. John Dewey.....	17
10. Markmið og stefna stjórnvalda í samvinnu leik- og grunnskóla	18
10.1. Lög um leikskóla og grunnskóla	18
10.2. Aðalnámskrár leik- og grunnskóla	18
10.2.1. Aðalnámskrá leikskóla.....	19
10.2.2. Aðalnámskrá grunnskóla	19
10.3. Námskrádrög leik- og grunnskóla.....	20
10.3.1. Drög að Aðalnámskrá leikskóla	20
10.3.2. Drög að Aðalnámskrá grunnskóla	20
10.3.3. Sameiginlegir þættir í lögum og námskrám.....	20
11. Kjarasamningar leik- og grunnskólakennara	21
11.1. Leikskólakennarar	22
11.2. Grunnskólakennarar	22
11.3. Samanburður á kjarasamningum	22
Samantekt	23
Heimildaskrá.....	25

1. Inngangur

Þegar börn byrja í grunnskóla verða miklar breytingar í lífi þeirra. Flest börn upplifa þessar breytingar á jákvæðan hátt með tilhlökkun og gleði en þó eru alltaf einhver sem upplifa þessi tímamót neikvætt. Samkvæmt ýmsum rannsóknum, sem við munum fjalla um, aðlagast börnin fyrr ef þau þekkja til umhverfisins og eiga einhverja félag í skólanum og því er mikilvægt að leikskólabörn fái að kynnast grunnskólastarfinu og mynda vinatengsl við börn í grunnskólanum. Með því að stuðla að tengslum milli skólastiganna kynnast leikskólabörnin umhverfi grunnskólans og verða þannig öruggari og ætti þá flutningurinn úr leikskóla yfir í grunnskóla að verða þeim auðveldari. Því er mikilvægt að leik- og grunnskólakennarar vinni saman að tengslum skólastiganna og að kennarar beggja skólastiga tileinki sér sömu sýn á börnin og vinni saman með það að leiðarljósi.

Lokaverkefni þetta er tvíþætt, annars vegar greinargerð og hins vegar handbók, *Vinum saman, tengsl leikskóla og grunnskóla*. Í greinargerðinni verður sýnt fram á mikilvægi þess að vinna að tengslum skólastiganna til þess að skapa samfellu í námi barna. Handbókin er hins vegar hugsuð sem hugmyndabanki fyrir leik- og grunnskólakennara um hvernig vinna megi að þessum tengslum.

Í fræðilegum hluta greinargerðarinnar verður söguleg þróun leik- og grunnskóla skoðuð og lauslega bornar saman sögur leik- og grunnskóla gegnum árin. Eins verður fjallað um þær breytingar sem verða hjá börnum við flutninginn úr leikskóla yfir í grunnskóla og hvað sé mikilvægt að hafa í huga við þann flutning. Þá verður fjallað um foreldrasamvinnu og mikilvægi þess að stuðla að tengslum skólastiganna og greint frá því hvaða aðferðir eru mögulegar og hafa gefist vel með tilvísun í rannsóknir. Einnig verður fjallað um þær hindranir sem hafa verið í vegi fyrir samstarfi leik- og grunnskóla. Kenningar Bronfenbrenners um þróun einstaklingsins út frá heildrænu samhengi og kenningar Deweys um tengsl náms, reynslu og samfellu í námi barna verða skoðaðar. Eins verður sagt frá þeirri stefnu sem stjórnvöld hafa sett fram með lögum og útgáfu aðalnámskrár fyrir bæði skólastigin. Loks verður fjallað stuttlega um kjarasamninga leik- og grunnskólakennara hvað varðar vinnuskyldu og undirbúning.

2. Handbókin

Þegar umræða um samvinnu milli skólastiganna kemur upp er oft rætt um tímaleysi, það að leik- og grunnskólakennarar hafi ekki tíma til þess að byrja á samstarfi sín á milli. Af þessum ástæðum ákváðu höfundar að gera handbók fyrir leik- og grunnskólakennara sem á að auðvelda þeim samstarfið. Handbókin er ætluð leikskólakennurum sem hafa umsjón með elstu börnum leikskóla og grunnskólakennurum fyrsta bekkjar. Markmiðið með handbókinni er að ýta undir aukið samstarf milli skólastiganna með það að leiðarljósi að skapa samfellu í námi barna, en með tilkomu þessarar handbókar hafa leik- og grunnskólakennarar góðan hugmyndabanka um hvernig tengja megi skólastigin.

Handbókin er auðveld í notkun og er sett upp með mánaðarlegum verkefnum og heimsóknnum með það í huga að vinna að tengslum skólastiganna. Með þessum hætti kynnast leikskólabörnin nýjum félögum og nýja skólaumhverfinu áður en þau fara í fyrsta bekk. Þessa vinnu geta kennarar svo þróað áfram með tímanum. Því fleiri ár sem líða aukast líkurnar á að samstarfið falli inn í fastmótað starf og tímaleysi heyri sögunni til.

3. Sögulegur bakgrunnur leik- og grunnskóla

Hér verður fjallað um sögulega þróun leik- og grunnskóla og hvaða breytingar hafa orðið með árunum.

3.1. Leikskólinn

Mikill áhrifavaldur í þróun leikskóla á Íslandi var Barnavinafélagið Sumargjöf en það var stofnað árið 1924. Upphaflegur tilgangur félagsins var að efla velferð barna með umræðu og starfi með börnum (Jón Torfi Jónasson, 2006:7).

Barnavinafélagið setti á fót fyrsta dagheimilið en það var fyrir börn fátækra foreldra og hafði það að markmiði að sinna líkamlegum og tilfinningalegum þáttum barna. Félagið stofnaði síðan fyrsta leikskólann, Grænuborg, sem leit dagsins ljós árið 1931 (Jón Torfi Jónasson, 2006:7). Börnin sem sóttu leikskólann höfðu annan bakgrunn en þau sem voru á dagheimilinu. Leikskólabörnin voru börn menntamanna sem höfðu verið erlendis og þekktu til leikskólamála þar. Dvalartími leikskólabarnanna var styttri og komu börnin með nesti að heiman ólíkt því sem var á dagheimilinu, en þar fengu börnin mat. Samhliða breyttu þjóðfélagi og fjölgunar fólks í þéttbýli fóru konur meira út á vinnumarkaðinn og varð því meiri þörf fyrir dagvistun barna og fylgjaði þá leikskólum (Jóhanna Einarsdóttir, 2007:22).

Reykjavíkurborg byggði flesta leikskóla fram til ársins 1978 en Sumargjöf sá um reksturinn. Árið 1973 voru sett lög um að ríkið tæki þátt í rekstri og byggingu leikskóla og dagheimila (Jón Torfi Jónasson, 2006:7–8). Voru þá leikskólinn og dagheimilin einnig sett undir stjórn menntamálaráðuneytisins. Átta árum síðar var gerð breyting á þessum lögum *nr. 29/1973* um að gerð skyldi námskrá um leiðir og markmið í uppeldisstarfi og stýrði Valborg Sigurðardóttir, skólastjóri Fóstruskólans, vinnunni. Námskráin, *Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili*, kom út árið 1985 og markaði tímamót varðandi starfið innan leikskólans og var undanfari *Aðalnámskrár leikskóla* sem kom út árið 1999. Það var ekki fyrr en árið 1994 sem leikskólinn var skilgreindur sem fyrsta skólastigið og fengu fagmenntaðir aðilar á leikskólasviði starfsheitið leikskólakennari í stað fósturu (Jóhanna Einarsdóttir, 2007:22–23).

3.2. Grunnskólinn

Meginmarkmið grunnskólans var í upphafi töluvert frábrugðið markmiði leikskólans. Upphaflega var markmið grunnskólans að börnin yrðu læs og skrifandi en mikil

áherslubreyting varð á með grunnskólalögunum frá 1974. Með tilkomu þeirra laga var boðað að grunnskólinn skyldi búa börn undir það að taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi, efla sjálfstæða hugsun og auka hæfni þeirra til samstarfs með öðrum. Árið 1970 hófst kennsla fyrir sex ára börn í mörgum grunnskólum í Reykjavík. Markmið kennslu sex ára barna var að jafna námsaðstöðu barnanna og kenna þeim reglur skólasamfélagsins sem og að umgangast jafnaldra sína. Börnin voru ekki skólaskyld og voru einungis í tvær klukkustundir á dag í skólanum. Þróun sex ára bekkja hefur verið nokkuð hröð og tíu árum eftir að kennsla sex ára barna hófst var búið að samræma starfið og tryggja að kennarar fái sent námsefni frá fræðsluskrifstofu. Skólaskylda sex ára barna var sett á árið 1991 og lengdist skóladagurinn. Nám grunnskólabarna tekur nú mið af aðalnámskrá grunnskóla sem gefin er út af menntamálaráðuneyti (Jóhanna Einarsdóttir, 2007:24–26).

4. Hvaða breytingar verða þegar börn fara úr leikskóla yfir í grunnskóla?

Hér á eftir verður fjallað um þær meginbreytingar sem verða hjá börnum og fjölskyldum þeirra við flutninginn úr leikskóla yfir í grunnskóla. Einnig verður gerð stuttlega grein fyrir ólíku skipulagi og mismunandi áherslum þessara skólastiga.

Að byrja í grunnskóla felur í sér miklar breytingar fyrir börn. Börnin fara úr vernduðu umhverfi leikskólans yfir í flókið umhverfi grunnskólans þar sem þau þurfa að sýna meira sjálfstæði en áður. Þau koma til með að hafa samskipti við fleiri börn og aðlagast nýjum félagahópi. Eins eru gerðar aðrar kröfur til þeirra varðandi nám. Hvað umhverfið varðar er grunnskólinn stærri en leikskólinn og svæði til náms öðruvísi þar sem grunnskólabörnin eru yfirleitt í einni kennslustofu í flestum greinum utan sérgreina. Daglegt skipulag skólanna er einnig frábrugðið og eru áherslur misjafnar. Í grunnskólanum er börnunum oftast skipt í bekki eftir aldri en í leikskólanum eru börnin hins vegar oftast á aldursblönduðum deildum. Félagslegt umhverfi skólanna er einnig með ólíkum hætti þar sem mun fleiri börn eiga í samskiptum við hvert annað í grunnskólanum. Námskröfur eru aðrar fyrir börnin og grunnskólinn leggur áherslu á formlegt nám en leikskólinn leggur áherslu á leikinn og að börnin læri í gegnum leikinn (Jóhanna Einarsdóttir, 2007:67).

Þessar breytingar snerta ekki einungis börnin heldur einnig foreldra þeirra og fjölskyldu. Breytingar verða á daglegum venjum fjölskyldunnar, stundvísi verður

mikilvægari þáttur og margir foreldrar verða að samræma vinnu sína, fjölskyldulíf og hinn nýja skóla barnanna (Sigurborg Sturludóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2008:2).

5. Hvað skiptir máli við flutninginn úr leikskóla yfir í grunnskóla?

Í þessum kafla verður fjallað um hvað sé mikilvægt að hafa í huga við flutninginn úr leikskóla yfir í grunnskóla. Komið er inn á hlutverk leik- og grunnskólakennara í þessu ferli og hvernig þeir geta undirbúið sig til þess að gera flutninginn auðveldari. Einnig verður stuttlega greint frá upplifun barna á þessum tímamótum með tilvísun í rannsóknir.

Það er margt sem hafa ber í huga þegar leikskólabörnin eiga að fara yfir í grunnskólann og geta kennarar beggja skólastiga undirbúið sig til þess að gera þennan flutning farsælan fyrir öll börn. Samkvæmt Broström (2001:16–17, 48) telur hann mikilvægt að leik- og grunnskólakennarar fylgist vel með starfi hvors annars til að fá betri innsýn í hvað sé verið að gera á hvoru skólastigi. Samkvæmt hugmyndum Broström þurfa kennarar að efla upplýsingaflæði milli skólastiganna og sýna börnunum hvað gerist í grunnskólanum og við hvað grunnskólanemar fást.

Flestir sem hafa skrifað um þessi tímamót í lífi barna, þegar leikskólinn tekur enda og grunnskólagangan tekur við, eru sammála um að það sé mikilvægur tími. En fræðimenn eru ekki sammála hvort þessi tími eigi að vera áskorun fyrir börnin eða samfella við grunnskólann. Þeir sem telja að þetta eigi að vera áskorun segja að þegar allt gangi upp þá læri börnin og öðlist reynslu við að takast á við þetta tímabil og í gegnum þá reynslu þroskist þau. Aðrir vilja meina að mikilvægt sé að leggja áherslu á samfellu í lífi og menntun barnanna. Enn aðrir telja að bæði skólastigin þurfi að hafa það að markmiði að hvetja börnin til að taka virkan þátt í námi sínu og að skólastigin standi að sameiginlegri sýn á börnin og starfshætti (Jóhanna Einarsdóttir, 2004:211).

Að byrja í grunnskóla getur skapað mikla gleði og tilhlökkun, á þessum tímamótum fær barnið það oft á tilfinninguna að „nú er ég stór“ og nú fer ég að læra eitthvað (Broström, 2001:20; 2002:54). Flest börn ganga í gegnum þessi skólaskil á jákvæðan hátt en það eru alltaf einhverjir sem upplifa þessi tímamót neikvætt (Broström, 2001:53).

Í athugun sem gerð var í leikskólum í Helsingør, um hugmyndir barna um hvað þau myndu gera í grunnskólanum, kom fram að flest börnin töldu sig vera að fara að læra að lesa, reikna og skrifa. Það getur einnig valdið kvíða að byrja í skóla og er misjafnt hvernig börn taka á því. Í þessari sömu athugun kom fram að sum barnanna hræddust kennarann og töldu að í skólanum ætti maður að sitja kyrr allan daginn, þegja og rétta upp hönd (Broström, 2001:20–22).

Margar spurningar vakna hjá börnum og foreldrum þeirra við upphaf skólagöngu og er mikilvægt að leik- og grunnskólar hafi svar við þeim flestum ef ekki öllum svo börn og foreldrar viti að hverju þau ganga þegar skólinn byrjar. Að byrja í grunnskóla er stórt skref fyrir hvert barn og er mikilvægt að það upplifi þessa breytingu á jákvæðan hátt (Broström, 2001:9–13). Í rannsókn sem Sue Dockett og Bob Perry stóðu fyrir í Ástralíu um tengsl milli skólastiganna höfðu þau það að leiðarljósi að reyna að bæta samstarfið til þess að gera skólaskiptin eins jákvæð og hægt væri. Í þessari rannsókn var leitt í ljós að börn sem upplifa skólabyrjunina jákvætt verða öruggari og standa sig betur í námi en þau börn sem fá neikvæða upplifun (Dockett, Perry, 2007:3). Við flutninginn úr leikskóla yfir í grunnskóla þurfa börn einnig á miklum félagslegum stuðningi að halda og hafa margar rannsóknir sýnt fram á að ef börn þekki einhvern í skólanum, vini eða systkini, þá hafi þau jákvæðari mynd af grunnskólastarfinu og aðlagist fyrr án mikilla vandkvæða fremur en þau börn sem þekkja engan í grunnskólanum (Broström, 2002:56; Margetts, 2002:117; Jóhanna Einarsdóttir, 2007:92–93;). Því er mikilvægt að góð samvinna sé milli allra aðila svo börnum farnist sem best í grunnskólum (Broström, 2002:56).

Sökum þess hversu margt skiptir máli við flutninginn er mikilvægt að hugsa vel með hvaða hætti skólarnir ætli að vinna að honum. Því betur sem flutningurinn milli skólastiganna er skipulagður og því betur sem börnin þekkja nýja umhverfið því meiri líkur eru á að börnin aðlagist á jákvæðan hátt (Margetts, 2002:111).

6. Foreldrasamskipti

Samvinna foreldra og kennara skiptir alltaf máli fyrir börnin sama á hvaða skólastigi þau eru. Í þessum kafla verður fjallað um mikilvægi foreldrasamskipti og vísun til þess að foreldrar spila mikilvægt hlutverk við flutning barna úr leikskóla yfir í grunnskóla.

Mikilvægt er að foreldrar fái upplýsingar frá grunnskólum um hvað sé verið að gera og hvernig börnin standa sig. Vel upplýstir foreldrar eru líklegri til að verða rólegri við flutning barna sinna milli skólastiga. Því meira sem foreldrar taka þátt í námi barna sinna því auðveldari verða skólaskiptin fyrir þau (Margetts, 2002:118). Niðurstöður margra erlendra rannsókna benda til þess að séu foreldrar virkir í skólastarfinu þá hafi það jákvæð áhrif á nám barnanna og líðan þeirra í skólanum (Jóhanna Einarsdóttir, 2007:94).

Foreldrar bera höfuðábyrgð á velferð barna sinna og uppeldi. Áríðandi er að góð samvinna og traust skapist milli foreldra og skóla til þess að barninu farnist vel (Pianta, Cox, Taylor og Early, 1999:73). Foreldrar sinna mikilvægu hlutverki fyrir verðandi grunnskólanema og því verða þeir að vera vel upplýstir um skólann hafi börnin einhverjar spurningar. Foreldrar þurfa því að kynna sér grunnskólann vel sem barn þeirra kemur til með að ganga í til þess að geta rætt um skólagönguna og leiðrétt þær ranghugmyndir sem börnin gætu haft af grunnskólastarfinu (Peters, 2002:94).

Ef börn upplifa svipaðar væntingar í grunnskólanum og heima þá myndast þar samfella sem eykur öryggi og hjálpar þeim að aðlagast skólaumhverfinu (Jóhanna Einarsdóttir, 2007:95). Rannsóknir hafa sýnt að ef foreldrar og kennarar hafa sameiginlega sýn á barnið þá sé líklegra að barninu farnist vel í skólasamfélaginu, hvort sem það er í leik- eða grunnskóla. Mikilvægt er því að foreldrar, leikskólakennarar og grunnskólakennarar séu í samvinnu ásamt börnunum og sýni þeim stuðning til þess að gera þessar breytingar eins hnökralausar og hægt er. Það þarf að sýna börnunum að þau tilheyri þessu nýja skólakerfi og að þau séu velkomin (Broström, 2002:52, 54).

7. Tengsl leik- og grunnskóla

Hér á eftir verður fjallað um mikilvægi þess að stuðla að tengslum og samfellu milli skólastiganna. Gerð verður grein fyrir því hvað hugtökin *tengsl* og *samfella* fela í sér og einnig sagt frá því hvaða hindranir gætu mögulega verið í vegi fyrir samstarfi.

Á undanförnum árum hefur skapast nokkur einhugur um mikilvægi þess að stuðla að tengslum og samfellu milli skólastiganna (Jóhanna Einarsdóttir, 2007:100). Þegar umræðan um tengsl eða samfellu hefur komið upp vakna oft upp spurningar um hvað þessi hugtök fela í sér (Jóhanna Einarsdóttir, 2007:75).

Svo unnt sé að tala um tengsl eða samfellu milli skólastiga þarf að vera ákveðið samræmi í kennslufræði, hugmyndafræði og skipulagi þessara skólastiga. Með

kennslufræðilegri samfellu er átt við innihald námskrárinnar og þær kennsluaðferðir sem notaðar eru. Með hugmyndafræðilegri samfellu er átt við þær hugmyndir sem liggja að baki starfinu, hugmyndir kennara um börn, uppeldi og nám. Með skipulagi er svo átt við þær reglur og þær reglugerðir sem móta starf skólanna (Jóhanna Einarsdóttir, 1999:37).

Með því að vinna að tengslum og stuðla að samfellu milli skólastiganna geta kennarar beggja skólastiga hjálpað börnunum að aðlagast þeim breytingum sem verða í lífi þeirra við flutninginn úr leikskóla í grunnskóla og þannig auðveldað þeim flutninginn (Menntamálaráðuneytið, 1997:5).

Samfella myndast einnig fyrir börnin ef leikskólakennarar senda upplýsingar um einstök börn í grunnskólann og mæta á fund til að ræða stöðu þeirra í þroska, félagsfærni og hvernig hefur verið unnið með þeim í leikskólanum. Til eru dæmi um það að leikskólakennurum hafi verið boðið að koma í grunnskóla eftir að leikskólabörnin hafi byrjað og geta þeir þá komið upplýsingum til skila um börnin (Margetts, 2002:119).

Oft er einhver hindrun í vegi fyrir samvinnu milli leik- og grunnskólakennara. Algengt er að um tímaleyzi er að ræða, úrræði vantar eða hugmyndir, of margir leikskólar/grunnskólar til að eiga í samstarfi við, erfiðleikar með faglega sýn skólanna, vandamál með vinnutíma og reglur, áhugaleyzi á samvinnu eða of stór barnahópur. Með jákvæðu hugarfari og áhuga fyrir samvinnu þá gæti samstarfið orðið skemmtilegt og gagnlegt fyrir alla sem að því koma (Broström, 2001:69–71). Einnig getur verið hamlandi fyrir tengsl milli skólastiganna ef leikskólakennarar skilja ekki hlutverk grunnskólakennara og öfugt, einnig ef sýn þessara aðila er ólík (Broström, 2002:54; Peters, 2002:87).

8. Rannsóknir á tengslum skólastiganna

Í þessum kafla verða skoðaðar aðferðir sem notaðar hafa verið til þess að vinna að tengslum skólastiganna. Eins verður greint frá rannsóknum sem gerðar hafa verið bæði hér á landi og erlendis á þessu efni og þeim aðferðum sem var beitt.

Víða hafa verið útfærðar aðferðir um hvernig stuðla megi að tengslum milli leik- og grunnskóla. Þær hafa það sameiginlegt að auðvelda börnum flutninginn og veita þeim stuðning á mikilvægum tímamótum er þau byrja í grunnskóla (Jóhanna Einarsdóttir, 2007:105). Í Bandaríkjunum, Ástralíu, á Englandi og hinum

Norðurlöndunum fara börnin í undirbúningsbekk áður en þau hefja formlegt grunnskólanám en undirbúningsbekkurinn hefur það hlutverk að mynda samfellu milli skólastiganna (Jóhanna Einarsdóttir, 2007:65).

Ein af þeim aðferðum sem gefist hefur með ágætum er sú að elstu börn leikskólans og yngstu börn grunnskólans kynnist vel með því að hittast reglulega og myndast þá oft venskapur þar á milli og eiga þá leikskólabörnin einhvern vin eða kunningja í grunnskólanum þegar þau byrja þar (Broström, 2001:36; Peters, 2002:91–92). Eins hafa heimsóknir kennara eða skólastjóra heim til barna áður en þau byrja í skólanum gefist vel (Pianta o.fl., 1999:73).

Eftirfarandi upptalning gefur einnig góðar hugmyndir að betri tengslamyndun:

- Samtalsfundir með foreldrum, börnum og kennurum eftir að börnin byrja í skólanum.
- Opið hús í grunnskólanum.
- Bréf til barna eða foreldra frá grunnskólakennara (Broström 2001:64–65).

Fjöldi rannsókna hefur verið gerður, bæði hér á landi og erlendis, til að kanna hvaða aðferðir leik- og grunnskólakennarar nota til að tengja skólastigin. Hér á landi hefur Jóhanna Einarsdóttir afkastað miklu á þessu sviði. Í rannsókn hennar á þeim aðferðum sem leik- og grunnskólakennarar í Reykjavík notuðu til að vinna að tengslum skólastiganna var yfirleitt um einhverja samvinnu að ræða. Þær aðferðir sem helst voru notaðar höfðu það að markmiði að kynna starfsemi grunnskólans fyrir börnunum. Sjaldgæft var hins vegar að lögð væri áhersla á samfellu í kennslufræði, hugmyndafræði og skipulagi þessara skólastiga. Algengast var að leikskólabörnin færu í heimsóknir í grunnskólann áður en þau byrjuðu í skólanum og að þau tækju þátt í atburðum grunnskólans. Fátítt var hins vegar að leikskólakennarar fylgdu börnunum í grunnskólann og kenndu þar (Jóhanna Einarsdóttir, 2004:217–223).

Svipaðar niðurstöður koma fram í rannsókn Stig Broström þar sem hann kannaði hvaða leiðir danskir leik- og grunnskólakennarar notuðu til að vinna að tengslum skólastiganna. Greina mátti þó ákveðna tregðu í samvinnu milli skólastiganna sem fólst aðallega í áhyggjum leikskólakennara yfir því að áherslur grunnskólans færðust niður í leikskólann. Líkt og í rannsókn Jóhönnu Einarsdóttur höfðu þær aðferðir sem helst var beitt það að markmiði að kynna starfsemi grunnskólans fyrir börnunum. Heimsóknir leikskólabarna í grunnskólann voru mjög algengar en sjaldgæft var hins vegar að

grunnskólakennarar færu í heimsóknir heim til barnanna áður en þau byrjuðu í skóla (Broström, 2002:58–59).

Pianta, Cox, Taylor og Early skoðuðu einnig hvaða aðferðir leik- og grunnskólakennarar í Bandaríkjunum notuðu til þess að vinna að tengslum skólastiganna. Niðurstöður þeirrar rannsóknar leiddu annað í ljós en þær sem fjallað var um hér að framan. Byrjað var að beita aðferðunum, sem notaðar voru til þess að tengja skólastigin, eftir að grunnskólinn hófst og snerust flestar um að kynna starfsemi grunnskólans fyrir foreldrum. Algengast var að kennarar töluðu við foreldra, héldu opin hús eða sendu bréf heim eftir að skóli hófst. Sjaldgæft var hins vegar að kennarar færu í heimsóknir heim til barnanna eða hringdu heim til þeirra fyrir eða eftir að skóli hófst (Pianta o.fl., 1999:77–80).

9. Kenningar

Hér á eftir verða kenningar Bronfenbrenners um þróun einstaklingsins út frá heildrænu samhengi og kenningar Deweys um tengsl náms, reynslu og samfellu í námi barna notaðar til að útskýra mikilvægi tengsla og samfellu milli skólastiganna.

9.1. Bronfenbrenner

Margir fræðimenn hafa fjallað um nánasta umhverfi, menningu og gildismat samfélagsins sem einnig eru talin hafa áhrif á þessar breytingar í lífi barnanna. Þeirra á meðal er Bronfenbrenner en hugmyndir hans hafa töluvert verið notaðar til þess útskýra mikilvægi tengsla milli skólastiganna við flutninginn úr leikskóla yfir í grunnskóla.

Bronfenbrenner lagði áherslu á að það ætti að horfa á barnið út frá heildrænu samhengi allra þátta, þ.e. félagslegra, sögulegra, menningarlegra og umhverfislegra. Hann sagði að tengsl milli allra þátta hefðu áhrif á það hvernig yfirfærslan frá leikskóla til grunnskóla myndi takast. Hann skipti umhverfi barnsins í fjögur kerfi; míkrokerfi, sem er nánasta umhverfi barnsins eða heimili, leikskóli og grunnskóli; mesókerfi, sem felur í sér tengsl og samskipti milli einstaklinga innan míkrokerfisins eins og tengsl heimilis og skóla; exókerfi og makrókerfi, sem snerta barnið á óbeinan hátt en hafa samt sem áður áhrif á flutninginn. Undir þau falla þættir eins og atvinna foreldra og sú menning og það samfélag sem barnið tilheyrir (Jóhanna Einarsdóttir, 2007:76–77; Sigurborg Sturludóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2008:2).

Samkvæmt hugmyndum Deweys felst samfella milli leik- og grunnskóla ekki í því að vinna áfram með sömu eða svipuð verkefni frá leikskóla til grunnskóla heldur þarf grunnskólinn að byggja á þeirri reynslu sem börnin hafa öðlast í leikskólanum. Grunnskólakennarar hafa það hlutverk að kveikja áhuga barnanna á viðfangsefninu og byggja námið upp á gömlum verkefnum sem börnin hafa öðlast reynslu af við að framkvæma og þurfa kennarar að passa upp á að verkefnin séu hvorki of flókið né of létt til þess að nám eigi sér stað (Jóhanna Einarsdóttir, 2007:76–81).

10. Markmið og stefna stjórnvalda í samvinnu leik- og grunnskóla

Í þessum kafla verður greint frá þeirri stefnu sem stjórnvöld hafa sett fram með lögum og útgáfu Aðalnámskrár fyrir bæði skólastigin. Einnig verður fjallað um nýju drögin að Aðalnámskrá sem birt voru seint á síðasta ári og þann sameiginlega þátt sem tengist samvinnu skólastiganna. Í lok kaflans verða bornir samana sameiginlegir þættir í lögum og námskrám í stuttu máli.

10.1. Lög um leikskóla og grunnskóla

Í lögum um leikskóla er ítarlega farið í tengsl og samvinnu skólastiganna. Í 16. gr. þeirra laga kemur fram að sveitarstjórn skuli koma á samstarfi milli leik- og grunnskóla. Þar er kveðið á um að í skólanámskrá leikskólanna skuli gera grein fyrir samstarfi milli leik- og grunnskóla og hvernig staðið sé að flutningi barna milli skólastiganna. Einnig kemur fram að upplýsingar um hvert barn, sem teljast nauðsynlegar fyrir skólagöngu þess í grunnskólann, skuli fara milli skólastiga og fylgja barninu (Lög um leikskóla, 2008).

Í lögum um grunnskóla er einnig fjallað um tengslin milli skólastiganna en þó ekki eins ítarlega og í lögum um leikskóla. Samkvæmt 5. og 6. gr. þeirra laga er það í valdi sveitarstjórnar og skólanefndar að koma á tengslum og stuðla að samstarfi milli leik- og grunnskóla (Lög um grunnskóla, 2008).

10.2. Aðalnámskrár leik- og grunnskóla

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út Aðalnámskrár fyrir leikskóla og grunnskóla og byggjast þær á lögum um leikskóla (nr. 90/2008) og lögum um

grunnskóla (nr. 91/2008). Aðalnámskrá er það stjórnæki sem menntamálayfirvöld hafa til þess að samræma skólastarfið. Með henni er starfið sett í ákveðinn ramma þar sem menntastefnan er útskýrð með tilgangi og markmiðum. Aðalnámskrá er stuðningur við leik- og grunnskólakennara, skólastjórnendur og upplýsandi fyrir foreldra um hvernig skólinn vinnur (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010a:2).

10.2.1. Aðalnámskrá leikskóla

Í Aðalnámskrá leikskóla er fjallað um mikilvægi samstarfs leik- og grunnskóla til að stuðla að samfellu í uppeldi og menntun barna og til þess að þau upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum.

Mælt er með því að stjórnendur skólanna komi á fót samvinnu milli skólastiganna og séu ábyrgir fyrir því. Áhersla er lögð á að leikskólakennarar og grunnskólakennarar þekki vel til hvors annars, ræði saman og skiptist á skoðunum um börn, uppeldi, nám og kennslu. Einnig er áhersla lögð á að þeir komist að samkomulagi um hvernig skuli standa að þessum breytingum sem börnin koma til með að upplifa þegar þau fara í grunnskólann og með hvaða hætti megi undirbúa börnin sem best svo flutningurinn gangi hnökralaust fyrir sig.

Komið er inn á mikilvægi þess að börnin kynnist umhverfi grunnskólans áður en skólaganga þeirra hefst og eru nefndar hugmyndir að leiðum sem hægt er að fara til þess að tengja saman skólastigin. Nefndar eru gagnkvæmar heimsóknir barnanna í skólana og sameiginleg verkefni elstu barna leikskólans og yngstu barna grunnskólans (Menntamálaráðuneytið, 1999:33).

10.2.2. Aðalnámskrá grunnskóla

Í Aðalnámskrá grunnskóla er komið inn á hlutverk leikskólans en í námskránni er litið á hann sem undirbúning undir formlegt nám í grunnskóla. Lagt er til að leikskólar og grunnskólar komi á tengslum sín á milli og séu kunnugir viðfangsefnum, starfsháttum og vinnuskipulagi hvors annars til þess að koma í veg fyrir að eitthvað komi börnunum og foreldrum þeirra á óvart á nýju skólastigi.

Áhersla er lögð á að foreldrar og forráðamenn séu meðvitaðir um á hvern hátt grunnskólinn er frábrugðinn leikskólanum og þær nýju kröfur sem gerðar eru til þeirra og barna þeirra. Komið er inn á mikilvægi farsæls flutnings milli skólastiganna og er talað um að gagnkvæmar heimsóknir barnanna geti stuðlað að hnökralausri færslu milli skólastiganna (Menntamálaráðuneytið, 2006:6).

10.3 Námskrádrög leik- og grunnskóla

Sett hafa verið fram drög að nýjum Aðalnámsskrám fyrir leik- og grunnskóla sem stefnt er að gefa út á næstunni. Líkt og í núgildandi námskrám byggja þær á lögum um leikskóla (nr. 90/2008) og lögum um grunnskóla (nr. 91/2008).

10.3.1 Drög að Aðalnámsskrá leikskóla

Í drögum að aðalnámsskrá leikskóla er fjallað um mikilvægi samfellu í skólagöngu barna þannig að sú reynsla og þekking sem börn hafa öðlast á fyrri skólagöngu nýtist þeim í framtíðinni. Því þurfi grunnskólinn að taka mið af reynslu barna við skipulagningu náms en jafnframt skapa þeim tækifæri til að öðlast nýja þekkingu. Til þess að tryggja það að tekið sé mið af reynslu barna þegar þau byrja í skóla er gert ráð fyrir því að upplýsingar um einstök börn fylgi þeim í grunnskólann.

Í drögum er lögð áhersla á undirbúning og aðlögun barna fyrir og eftir leikskólanám og að leikskólabörn fái tækifæri til að kynnast væntanlegum grunnskóla á meðan þau eru enn í leikskóla. Einnig er mælt með því að kennarar beggja skólastiga kynnist starfi hvors annars og komi á fót samstarfi með það að markmiði að skapa samfellu í námi barna (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010b:15).

10.3.2. Drög að Aðalnámsskrá grunnskóla

Í drögum að Aðalnámsskrá grunnskóla er komið inn á mikilvægi samfellu í skólagöngu barna þannig að sú þekking og sú reynsla sem börn hafa öðlast á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Þegar börn byrja í grunnskóla þarf skólinn því að taka mið af reynslu barna úr leikskólanum og byggja áframhaldandi nám á þeirri reynslu. Til þess að svo sé er gert ráð fyrir því að upplýsingar um einstök börn fylgi þeim í grunnskólann.

Í drögum er lagt til að leikskólabörn fái tækifæri til að kynnast umhverfi og starfi grunnskólans á meðan þau eru enn í leikskóla. Einnig er lagt til að kennarar beggja skólastiga kynni sér starf hvors annars þannig að börn upplifi samfellu í skólagöngu. Til þess að svo verði þurfa kennarar beggja skólastiganna að vinna að sameiginlegum áherslum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010c:36–37).

10.3.3. Sameiginlegir þættir í lögum og námskrám

Samkvæmt núgildandi lögum um leik- og grunnskóla eru markmið laganna þegar kemur tengslum og samvinnu milli skólastiganna nokkuð sambærileg en í báðum lögum er áhersla lögð á samvinnu milli skólastiganna.

Í Aðalnámskrám skólanna er áhersla lögð á mikilvægi þess að leikskólar og grunnskólar komi á tengslum og samvinnu sín á milli. Í báðum námskránum er bent á leiðir sem hægt er að fara til að stuðla að tengslum skólastiganna. Nefndar eru gagnkvæmar heimsóknir barnanna í skólana og sameiginleg verkefni leik- og grunnskólabarna (Jóhanna Einarsdóttir, 2007:68). Hins vegar má sjá að ekki er litið sömu augum á starf leikskóla. Í Aðalnámskrá grunnskóla má greina að litið sé á starfið í leikskóla sem undirbúning fyrir grunnskóla og það formlega nám sem þar fer fram. Í Aðalnámskrá leikskóla er hins vegar litið svo á að skapa þurfi samfellu milli skólastiganna svo grunnskólinn verði eðlilegt framhald af leikskólanum (Jóhanna Einarsdóttir, 2007:69).

Í drögum að Aðalnámskrá leik- og grunnskóla er fjallað enn nánar um mikilvægi þessara tengsla og má greina ákveðið samræmi milli námskráanna um þessi tengsl. Í báðum námskránum er fjallað um mikilvægi þess að skólaganga barna myndi samfellda heild þannig að sú reynsla og þekking sem börn hafa öðlast á fyrri skólastigum nýtist þeim í framtíðinni. Ákveðinn samhljómur er um undirbúning og aðlögun barna við flutninginn úr leikskóla yfir í grunnskóla en áhersla er lögð á að leikskólabörn fái tækifæri til þess að kynnast umhverfi og starfi grunnskólans meðan þau eru enn í leikskóla. Í báðum námskránum er einnig lagt til að kennarar beggja skólastiga kynni sér starf hvors annars og komi á fót samstarfi með það að markmiði að skapa samfellu í námi barna (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2010b:15; 2010c:36–37).

Á þessu má sjá að mikill samhugur virðist ríkja bæði í lögum og Aðalnámskrám um að stuðla að tengslum og samvinnu milli leik- og grunnskóla til að aðlögun og undirbúningur leikskólabarna að grunnskólanámi verði með farsælum hætti. Með tilkomu nýrra Aðalnámskráa má draga þá ályktun að menntamálayfirvöld samþykki mikilvægi þess að mynda samfellu milli skólastiganna þar sem sjá má ákveðið samræmi í námskránum, auk þess sem kominn er nýr kafli í námskránnar um sameiginlega þætti skólastiganna. Með þeirri viðbót ætti samvinna milli leik- og grunnskóla að vera auðveldari og tryggja að ákveðin samræming fari fram.

11. Kjarasamningar leik- og grunnskólakennara

Í þessum kafla verður fjallað um kjarasamninga leik- og grunnskólakennara hvað varðar vinnuskyldu og undirbúning. Einnig verða bornir saman tímar sem leik- og grunnskólakennarar hafa til undirbúnings í starfi sínu samkvæmt kjarasamningum.

11.1 Leikskólakennarar

Samkvæmt kjarasamningi leikskólakennara er vinnuvika starfsmanns í fullu starfi 40 stundir. Af þessum 40 stundum fá leikskólakennarar 4 klukkustundir á viku í undirbúning en deildarstjórar 5 klukkustundir. Í undirbúningi er meðal annars ætlast til þess að kennarar vinni að starfsáætlanagerð og noti til viðtalstíma fyrir foreldra og annars foreldrasamstarfs, atferlisathugana og kynnisferða. Einnig hafa leikskólakennarar fimm starfsdaga yfir skólaárið (Kennarasamband Íslands, 2009a:13).

11.2 Grunnskólakennarar

Samkvæmt kjarasamningi grunnskólakennara er vinnuskylda kennara í fullu starfi 1.800 klukkustundir á ári eða 42,86 stundir á viku, þar af fara 1.040 mínútur í beina kennslu eða 26 kennslustundir. Af þessum 42,86 heildarvinnustundum fara 10,67 stundir í undirbúning fyrir kennslu og 9,14 stundir á viku falla undir verkstjórnarpátt eða bundna viðveru sem skólastjóri og kennarar koma sér saman um hvernig skuli nýta til faglegra starfa. Til þeirra telst til að mynda að hafa samskipti við annað fagfólk innan skólans sem og utan hans, að skrá upplýsingar, umsjón og eftirlit með kennslurými og nemendasamtöl. Einnig fá grunnskólakennarar 8 daga í undirbúning utan starfstíma skólans og 5 daga yfir starfstíma skólans (Kennarasamband Íslands, 2009b: 17–18).

11.3 Samanburður á kjarasamningum

Þegar bornir eru saman þeir undirbúningstímar sem þessar tvær stéttir hafa til faglegs starfs þá hafa grunnskólakennarar um 20 stundir til undirbúnings en leikskólakennarar hafa einungis 4 klukkustundir nema þeir séu með deildarstjórn, þá eru þeir með 5 klukkustundir. Fyrir utan þessar 20 stundir sem grunnskólakennarar hafa þá geta þeir einnig nýtt frímínútur barnanna í undirbúning en þær teljast 2,8 stundir á viku.

Samantekt

Hér að framan höfum við fjallað um mikilvægi þess að vinna að tengslum skólastiganna til að skapa samfellu í námi barna.

Að okkar mati er mikilvægt að leik- og grunnskólakennarar vinni markvisst saman að því að efla samstarf sín á milli með hag barnanna fyrir brjósti. Með samvinnu við leikskólakennarann teljum við að grunnskólakennarinn fái betri yfirsýn og skilning á barnahópnum sem kemur til með að koma í grunnskólann að hausti. Með góðri samvinnu milli skóla og foreldra fá foreldrarnir betri skilning á starfinu sem þar fer fram og verða öruggari með að senda börnin sín í grunnskólann, síðast en ekki síst verða börnin sjálf öruggari og flutningurinn úr leikskóla yfir í grunnskóla verður farsælli fyrir þau.

Samkvæmt þeim rannsóknum sem við höfum vitnað í er ljóst að ávinningur barna á samfelldu námi er mikill þar sem börnin verða öruggari í námi sínu og skilja betur út á hvað grunnskólastarf gengur og til hvers er ætlast af þeim. Leikskólabörnin læra að þekkja grunnskólann fyrr og verður hann þá kunnuglegri fyrir börnin þegar þau byrja.

Við teljum að kennarar beggja skólastiga séu nú til dags meðvitaðir um mikilvægi þess að mynda samfellu milli skólastiganna. Við efumst ekki heldur um það að allir sem vinna með börnum séu sammála því að það þurfi að gera allt sem hægt er til þess að börnin fái sem mest út úr námi sínu sama á hvaða skólastigi þau eru.

Eins og áður hefur komið fram þykir okkur það vera algengt að fagfólk innan kennarastéttarinnar beri fyrir sig tímaleysi þegar hugmyndir um samfellu og tengsl milli skólastiganna koma upp. Yfirleitt höfum við heyrt grunnskólakennara segja að þá vanti tíma til þess að mynda samstarf við leikskóla því þeir hafi það mikið að gera í grunnskólanum. Eftir að við skoðuðum kjarasamninga leik- og grunnskólakennara þá kom það okkur á óvart hvað grunnskólakennarar hafa mikinn tíma til undirbúnings á faglegu starfi miðað við leikskólakennara. Því teljum við það vera óskiljanlegt af hverju afsökunin um tímaleysi sé hjá grunnskólakennurum. Við viljum meina að það þurfi hugarfarsbreytingu og að kennarar beggja skólastiga taki höndum saman og nýti sér þær niðurstöður sem margar rannsóknir hafa bent á, að samfella í námi barna byggji upp öruggari einstaklinga og þar af leiðandi betri námsmenn. Er það ekki það sem við, kennarar, höfðum að leiðarljósi þegar við fórum í gegnum okkar menntun? Það að vinna

eftir lögum og reglum sem stjórnvöld setja okkur til þess að byggja upp sterkan og hæfan einstakling og fyrirmyndar lýðræðisþegn.

Okkar ósk er sú að samfella milli leik- og grunnskóla verði í öllum skólum og jafnvel að í framtíðinni verði leik- og grunnskólar byggðir undir sama þaki frá vöggustofu upp í tíunda bekk og jafnvel að framhaldskólarnir komi að nánú samstarfi við leik- og grunnskólana.

Eins og áður hefur komið fram hefur verið lagður grunnur að samstarfi af hálfu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins með því að gefa út sameiginlegan þátt í Aðalnámskrá leik- og grunnskóla og teljum við að það muni verða til þess að fleiri leik- og grunnskólar hugi að nánara samstarfi. Að okkar mati eru sameiginlegir þættir í aðalnámskrá mjög mikilvægt skref í rétta átt og teljum við að hún muni stuðla að aukinni samvinnu milli skólastiga. Þó á enn eftir að stíga eitt mikilvægt skref og það er að okkar mati að kjarasamningar leik- og grunnskólakennara verði með svipaðra móti því það gæti gert samstarfið auðveldara.

Það er margt sem situr eftir hjá okkur eftir að hafa unnið að þessu lokaverkefni og er það einlæg von okkar að handbókin *Vinum saman, tengsl leikskóla og grunnskóla* verði nýtt af leik- og grunnskólakennurum svo mögulegt verði að eyða út þeirri hugsun að ekki sé tími til þess að taka höndum saman og vinna enn frekar að tengslum skólastiganna. Við viljum að leik- og grunnskólakennarar noti handbókina sér til stuðnings þegar samstarfið hefst en nýti sér síðan það sem gefst vel og þrói áfram. Viljinn er allt sem þarf.

Heimildaskrá

- Broström, S. (2002). Communication & Continuity in the transition from kindergarten to school in Denmark. In: Fabian, H. & Dunlop, A.-W. (Ritstj.). *Transitions in the Early Years. Debating Continuity and progression for children in early education.* London: RoutledgeFalmer Education.
- Broström, S. (2001). *Farvel børnehave – hej skole! Undersøgelser og overvejelser.* Århus: Systime.
- Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknastofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Dockett, S og Perry, B. (2007). *Transitions to School: Preceptions, Expectations, Experience.* New South Wales, Australia: UNSW Press.
- Jóhanna Einarisdóttir. (1999). Tengsl leikskóla og grunnskóla. *Ný menntamál*, 17(3).
- Jóhanna Einarisdóttir. (2004). Frá leikskóla til grunnskóla: Aðferðir til að tengja skólástigin. *Uppeldi og menntun, Tímarit Kennaraháskóla Íslands.*
- Jóhanna Einarisdóttir. (2007). *Lítil börn með skólatöskur, tengsl leikskóla og grunnskóla.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jón Torfi Jónasson (2006). *Frá gæslu til skóla: um þróun leikskóla á Íslandi.* Reykjavík: Rannsóknastofna um menntakerfi: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Kennarasamband Íslands. (2009a). Kjarasamningur FL. Sótt 10. apríl 2011 af <http://new.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=1398>.
- Kennarasamband Íslands. (2009b). Kjarasamningur FG. Sótt 10. apríl 2011 af <http://new.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7636>.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um leikskóla nr. 29/1973.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.

- Margetts, Kay. (2002). Planning transition programmes. In: Fabian, H. & Dunlop, A.-W. (Ritstj.). *Transitions in the Early Years. Debating Continuity and progression for children in early education*. London: RoutledgeFalmer Education.
- Mennta- og menningamálaráðuneyti. (2010a). Sameiginlegur hluti Aðalnámskrár-drög. Reykjavík: Mennta-og menningarmálaráðuneytið. Sótt 4. febrúar 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/drog-ad-nyjum-namskram/leikskolar--namskrardrog>.
- Mennta- og menningamálaráðuneyti. (2010b). Aðalnámskrá leikskóla-drög. Reykjavík: Mennta-og menningarmálaráðuneytið. Sótt 4. febrúar 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/drog-ad-nyjum-namskram/leikskolar--namskrardrog>.
- Mennta- og menningamálaráðuneyti. (2010c). Aðalnámskrá leikskóla-drög. Reykjavík: Mennta-og menningarmálaráðuneytið. Sótt 4. febrúar 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/drog-ad-nyjum-namskram/grunnskolar--namskrardrog>.
- Menntamálaráðuneyti. (1997). Brúum bilið: *rit um tengsl leikskóla og grunnskóla*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneyti. (1999). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneyti. (2006). *Aðalnámskrá grunnskóla*. Reykjavík: Höfundur.
- Peters, S. (2002). Teachers' perspectives of transition. In: Fabian, H. & Dunlop, A.-W. (Ritstj.). *Transitions in the Early Years. Debating Continuity and progression for children in early education*. London: RoutledgeFalmer Education.
- Pianta, R. C., Cox, M. J., Taylor, L. og Early, D. M. (1999). Kindergarten Teachers' Practices Related to the Transition to School: Results of a National Survey. *The Elementary School Journal* 100(1).
- Sigurborg Sturludóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2008). *Reynsla foreldra af grunnskólabyrjun barna sinna*. Reykjavík: Netla. Sótt 19. febrúar 2011 af <http://netla.khi.is/greinar/2008/014/index.htm>.